

Veðskuldabréfasjóður ÍV hs.
Sérhæfður sjóður
Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um fjárfestingar	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Veðskuldabréfasjóður ÍV er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Rekstur sjóðsins er í höndum ÍV sjóða hf.

Ársreikningur Veðskuldabréfasjóðs ÍV - sérhæfðs sjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Hagnaður varð á rekstri sjóðsins á árinu 2020 að fjárhæð 74,3 millj. kr. Bókfært eigið fé sjóðsins í árslok 2020 nam 1.253,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Vala Hauksdóttir tók við sjóðstjórn af Hreini Þór Hauksyni, framkvæmdastjóra ÍV sjóða hf. þann 1. júlí 2020.

Athugasemd stjórnar vegna heimsfaraldursins Covid 19

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa skapast í efnahagslífi á Íslandi og heiminum öllum vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Aðstæður hafa veikt rekstrargrundvöll og greiðslugetu margra fyrirtækja á Íslandi og leiða má að því líkur að slíkt gildi um einhverja útgefendur skuldabréfa í eigu sjóðsins. Allar fjárfestingar sjóðsins eru fasteignatryggðar og veðstaða talin góð. Ennþá er erfitt að meta endanleg áhrif faraldursins á rekstur sjóðsins til lengri tíma en einhver verkefni á vegum sjóðsins hafa og eru til sérstakrar skoðunar í slíku samhengi og einhverjar líkur eru á að hann þurfi að grípa til fullnustuaðgerða á næstu mánuðum. Lausafjárstaða sjóðsins er mjög sterk og geta hans til að bregðast við áföllum er mikil.

Rekstrarfélag sjóðsins var og er þátttakandi í samkomulagi fjármálafyrirtækja um tímabundna greiðslufresti til fyrirtækja. Einhverjir mótaðilar sjóðsins uppfylltu skilyrði samkomulagsins og fengu tímabundinn greiðslufrest, einhverjir uppfylltu ekki skilyrðin. Í öllum tilfellum er reynt að vinna með mótaðilum sjóðsins eins og frekast er unnt og sjóðurinn leitast við að hámarka virði eigna með skynsamlegri aðkomu að heildar úrlausn mála. Greiðslufrestir hafa ekki áhrif á greiðslugetu sjóðsins til skamms eða millilangs tíma.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á árinu 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans miðað við 31. desember 2020 og breytingum á handbæru fé á árinu 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri ÍV sjóða hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni.

Akureyri, 30.mars 2021

Ársreikningur þessi er undirritaður rafrænt af hálfu stjórnar og framkvæmdastjóra. Rafrænar undirritanir má finna á öftustu síðu skjalsins.

Í stjórn ÍV sjóða hf.:

Kolbeinn Friðriksson, stjórnarformaður
Katrín Káradóttir, meðstjórnandi
Ingvar Gíslason, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf.:

Hreinn Þór Hauksson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í Veðskuldabréfasjóði ÍV.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Veðskuldabréfasjóðs ÍV fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020 og breytingu á hreinni eign á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til stjórnar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Veðskuldabréfasjóði ÍV í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Veðskuldabréfasjóði ÍV óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Engar megináherslur voru skilgreindar við endurskoðunarvinnu okkar.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur í álitskafla okkar hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Veðskuldabréfasjóðs ÍV. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Deloitte ehf. hefur ekki veitt sjóðnum neina þjónustu til viðbótar endurskoðuninni.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Veðskuldabréfasjóðs ÍV á aðalfundi félagsins þann 18. maí 2020. Deloitte hefur verið endurskoðandi sjóðsins síðan á aðalfundi hans árið 2018.

Akureyri, 30.mars 2021

Deloitte ehf.

Hólmgrímur Bjarnason
Endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarreikningur			
Tekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		524.159	515.519
Aðrar tekjur		13.629	3.085
	Heildartekjur	<u>537.788</u>	<u>518.604</u>
Gjöld			
Umsýsluþóknun rekstrarfélags		30.491	31.450
Vörsluþóknun		3.088	3.280
Aðrar þóknunir		13	9
Vaxtagjöld og verðbætur		445.390	408.731
Önnur gjöld og kostnaður		1.966	2.025
	Heildargjöld	<u>480.947</u>	<u>445.494</u>
Gengisbreyting eigna, hagnaður		17.494	21.712
Hagnaður ársins af rekstri		<u>74.336</u>	<u>94.822</u>
Yfirlit um breytingu á hreinni eign			
Hrein eign í ársbyrjun		<u>1.178.825</u>	<u>1.084.003</u>
Hrein eign í árslok	3	<u>1.253.161</u>	<u>1.178.825</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fjárfestingar			
Framseljanleg verðbréf		6.061.493	7.142.748
Hlutdeildarskírteini		368.293	525.805
Verðbréf samtals		<u>6.429.786</u>	<u>7.668.553</u>
Aðrar eignir			
Reiðufé		142.045	21.095
Aðrar eignir		27.533	18.955
Aðrar eignir samtals		<u>169.578</u>	<u>40.050</u>
Eignir samtals		<u><u>6.599.364</u></u>	<u><u>7.708.603</u></u>
Skuldir			
Útgefin skuldabréf	4	5.343.494	6.526.490
Skuld við rekstrarfélag		2.367	2.627
Skuld við vörslufyrirtæki		249	568
Aðrar skuldir		93	93
Skuldir samtals		<u>5.346.203</u>	<u>6.529.779</u>
Hrein eign	3	1.253.161	1.178.825
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina		805.800	805.800
Gengi hlutdeildarskírteina í árslok		1,56	1,46

Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2020

Veðskuldabréfasjóður ÍV	31.12.2020		31.12.2019	
	Bókfært- verð	%	Bókfært- verð	%
Skuldabréfaeign				
Útgefandi 1	487.906	7,4%	490.074	6,4%
Útgefandi 2	436.880	6,6%	411.408	5,3%
Útgefandi 3	362.810	5,5%	358.847	4,7%
Útgefandi 4	359.630	5,4%	404.176	5,2%
Útgefandi 5	348.125	5,3%	331.515	4,3%
Útgefandi 6	329.198	5,0%	326.955	4,2%
Útgefandi 7	318.412	4,8%	312.611	4,1%
Útgefandi 8	280.868	4,3%	279.558	3,6%
Útgefandi 9	275.178	4,2%	273.884	3,6%
Útgefandi 10	219.503	3,3%	225.501	2,9%
Útgefandi 11	188.774	2,9%	181.291	2,4%
Útgefandi 12	167.222	2,5%	164.971	2,1%
Útgefandi 13	140.122	2,1%	138.279	1,8%
Útgefandi 14	136.994	2,1%	130.907	1,7%
Útgefandi 15	133.753	2,0%	131.994	1,7%
Útgefandi 16	127.718	1,9%	120.124	1,6%
Útgefandi 17	126.132	1,9%	125.392	1,6%
Útgefandi 18	116.363	1,8%	112.542	1,5%
Útgefandi 19	100.336	1,5%	101.283	1,3%
Útgefandi 20	97.336	1,5%	92.627	1,2%
Útgefandi 21	96.579	1,5%	90.844	1,2%
Útgefandi 22	89.453	1,4%	88.247	1,1%
Útgefandi 23	87.341	1,3%	82.999	1,1%
Útgefandi 24	84.216	1,3%	82.855	1,1%
Útgefandi 25	77.917	1,2%	79.006	1,0%
Útgefandi 26	75.135	1,1%	70.969	0,9%
Útgefandi 27	71.139	1,1%	66.919	0,9%
Útgefandi 28	63.393	1,0%	63.375	0,8%
Útgefandi 29	60.521	0,9%	59.706	0,8%
Útgefandi 30	52.374	0,8%	52.395	0,7%
Útgefandi 31	50.438	0,8%	98.869	1,3%
Útgefandi 32	50.292	0,8%	85.857	1,1%
Útgefandi 33	49.542	0,8%	49.438	0,6%
Útgefandi 34	46.629	0,7%	47.154	0,6%
Útgefandi 35	44.663	0,7%	43.996	0,6%

Yfirlit fjárfestinga 31. desember 2020 frh.:

	31.12.2020		31.12.2019	
	Bókfært- verð	%	Bókfært- verð	%
Veðskuldabréfasjóður ÍV frh.				
Útgefandi 36	41.175	0,6%	40.916	0,5%
Útgefandi 37	40.336	0,6%	40.623	0,5%
Útgefandi 38	37.162	0,6%	37.150	0,5%
Útgefandi 39	31.796	0,5%	31.728	0,4%
Útgefandi 40	30.317	0,5%	45.289	0,6%
Útgefandi 41	26.598	0,4%	26.903	0,3%
Útgefandi 42	25.070	0,4%	25.456	0,3%
Útgefandi 43	25.015	0,4%	24.719	0,3%
Útgefandi 44	19.537	0,3%	0	0,0%
Útgefandi 45	18.998	0,3%	19.336	0,3%
Útgefandi 46	12.596	0,2%	0	0,0%
Útgefandi 47	0	0,0%	377.310	4,9%
Útgefandi 48	0	0,0%	226.119	2,9%
Útgefandi 49	0	0,0%	148.164	1,9%
Útgefandi 50	0	0,0%	142.074	1,8%
Útgefandi 51	0	0,0%	111.246	1,4%
Útgefandi 52	0	0,0%	37.239	0,5%
Útgefandi 53	0	0,0%	19.403	0,3%
Útgefandi 54	0	0,0%	12.505	0,2%
Framseljanleg verðbréf, samtals	6.061.493	91,8%	7.142.748	92,7%
Hlutdeildarskírteini				
ÍV Skammtímasjóður	368.293	5,6%	525.805	6,8%
	368.293	5,6%	525.805	6,8%
Heildarverðmæti verðbréfa	6.429.786	97,4%	7.668.553	99,5%
Reiðufé	142.045	2,2%	21.095	0,3%
Aðrar eignir	27.533	0,4%	18.955	0,2%
Heildareignir	6.599.364	100,0%	7.708.603	100,0%

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum ef frá eru talin hlutdeildarskírteini sem færð eru á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Sjóðurinn er rekinn af ÍV sjóðum hf. sem er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af ársreikningi móðurfélagsins vegna eðlis starfseminnar.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki í samræmi við lög um ársreikninga ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2021. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

b. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

c. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir ÍV sjóðum hf. 0,4% umsýsluþóknun sem innifelur meðal annars laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðsins. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af heildareignum sjóðsins.

Sjóðurinn greiðir auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu.

d. Fjárfestingar

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eru metin á útgefnu kaupgengi sem gildi í árslok 2020.

e. Framseljanleg verðbréf - verðtryggð skuldabréf með veði í fasteign

Sjóðurinn fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum með veði í fasteignum. Í bókhaldi sjóðsins eru veðskuldabréfin uppreiknuð miðað við neysliverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

f. Reiðufé

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

g. Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinunum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Skýringar frh.:

3. Hlutdeildarskírteini

Nafn - og raunávöxtun sjóða Veðskuldabréfasjóðs ÍV í árslok 2020

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði	Árið 2019
Nafnávöxtun				
Veðskuldabréfasjóður ÍV	2,82%	3,35%	6,30%	9,10%
Raunávöxtun				
Veðskuldabréfasjóður ÍV	1,93%	1,41%	2,72%	6,26%
Yfirlit um bókfært verðmæti		31.12.2020	31.12.2019	31.12.2018
Veðskuldabréfasjóður ÍV		1.253.161	1.178.825	1.084.003
Yfirlit um gengi hlutdeildarskírteina.				
Veðskuldabréfasjóður ÍV		1,56	1,46	1,35
Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.				

	Eign 31.12.2020 %	Eign 31.12.2019 %	Breyting	Fjárfestingarstefna Lágmark %	Hámark %
Veðskuldabréfasjóður ÍV					
Skuldabréf stór Reykjavíkursvæði	62	78	-16	80	100
Skuldabréf utan stór Reykjavíkursvæði	13	10	3	0	20
Einstakur útgefandi	6	6	0	0	20
Einstök útgáfa	6	6	0	0	10

Sundurliðun fjárfestinga sjóðs og hlutfallsleg skipting

Veðskuldabréfasjóður ÍV	kr.	%
Framseljanleg skuldabréf.....	6.061.493	92
Hlutdeildarskírteini	368.293	6
Reiðufé	142.045	2
Aðrar eignir	27.533	0
Heildareignir	6.599.364	100

4. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur meðal annars út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum. Gjaldtagi höfuðstóls bréfanna er 1. maí 2044.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

**Bókfært verð
31.12.2020**

Verðtryggð lán 5.343.494

Skýringar frh.:

5. Fjárfestingartímabil sjóðsins

Fjárfestingartímabili sjóðsins lauk þann 26. febrúar 2017. Eins og reglur sjóðsins tilgreina hafa ekki verið teknar ákvarðanir um nýjar fjárfestingar eftir það. Vala Hauksdóttir tók við sjóðstjórn af Hreini Þór Haukssyni, framkvæmdastjóra ÍV sjóða hf. þann 1. júlí 2020. Vísað er til heimasíðu sjóðsins www.viv.is og heimasíðu ÍV sjóða www.ivsjodir.is fyrir nánari upplýsingar.

Undirritunarsíða

Framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf.
Hreinn Þór Hauksson

Stjórnarformaður ÍV sjóða hf.
Kolbeinn Friðriksson

Stjórnarmaður
Ingvar Már Gíslason

Stjórnarmaður
Katrín Káradóttir

Endurskoðandi
Hólmgímur Pétur Bjarnason